


Afmælisgjöfin

Athugið. Segið þátttakendum söguna og teiknið um leið atburðarásina (sjá teikningu hægra megin á blaðinu).


Það var einu sinni stelpa sem fór ein í bæinn að kaupa afmælisgjöf handa bróður sínum. Hún ákvað að labba niður Laugarveginn.




Þegar hún var komin niður Laugarveginn var stór pollur. Stelpan var ekki í stígvélum og þurfti því að labba í kringum pollinn.




Stelpan hélt áfram að leita af afmælisgjöf en fann enga gjöf en rakst þá á annan poll.




Hún þurfti aftur að fara í kringum pollinn af því að hún var ekki í stígvélum.




Nú var klukkan orðin svo margt að stelpan varð að flýta sér aftur til baka og fór hún sömu leið en nú þurfti hún að fara upp Laugarveginn.




Þegar hún var komin upp Laugarveginn sá hún risa stóran poll og þurfti að fara stóran hring í kringum hann.




Strætó var ekki kominn svo að stelpan tók stein og reyndi að henda ofan í stóra pollinn. En hún hitti ekki.



Hún reyndi aftur en hitti ekki heldur í pollinn. Hún tók þriðja steininn henti honum og hitti ekki heldur.



En þá kom strætisvagninn og stelpan fór heim.



Hvað keypti stelpan handa bróður sínum í afmælisgjöf ? Svar: NÆRBUXUR

Fleiri dæmi: stelpan sem fór út í rigningu og með sjóhattinn svo varð hann að báti og svo björgunarhringi osfrv.

Leiðbeinendur notið hugmyndaflugið og búið til sögur og myndir.